



Alþýðusamband Íslands

Reykjavík 2. júní 2021

Ályktum miðstjórnar ASÍ um meiðandi umræðu um atvinnuleitendur

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands harmar sleggjudóma í opinberri umræðu um málefni atvinnuleitenda. Sú umræða er ekki studd gögnum og er úr hófi fram neikvæð og einhliða. Miðstjórn varar við því að ýtt sé undir fordóma í umfjöllun um vanda þeirra sem glíma við atvinnuleysi.

Miðstjórn ASÍ vísar til fullyrðinga nokkurra atvinnurekenda sem birst hafa í tilteknum fjölmiðlum síðustu daga og rætt um meint áhugaleysi atvinnuleitenda um að þiggja boð um vinnu. Látið er að því liggja að atvinnuleysisbætur séu nú svo háar að þær letji fólk til að taka þau störf sem í boði eru.

Miðstjórnin minnir á að atvinnuleysi er í sögulegu hámarki. Þau dæmi sem hafa verið nefnd og fjölmiðlar hafa gert að fréttafni heyra til undantekninga og ekki hafa komið fram fullnægjandi skýringar á þeim, hvorki af hálfu atvinnurekenda né Vinnumálastofnunar. Átakið *Hefjum störf* hefur nú þegar skilað miklum árangri og fjöldi fólks þegið vinnu á þeim grundvelli. Tal um að atvinnuleysisbætur séu úr hófi fram háar í landinu stenst enga skoðun. Grunnbætur nema 88% af lágmarkstekjutryggingu en á árunum 2006–2010 var það hlutfall á bilinu 90–100%. Tekjufall atvinnulausra í COVID-kreppunni er að jafnaði 37% og því augljós að fólk gerir það ekki að gamni sínu að hafna vinnu.

Miðstjórn ASÍ vekur athygli á því að aðflutt verkafólk er í meirihluta þeirra sem nú eru án atvinnu og varar við fordómum í garð þessa hóps sem auðveldlega má lesa úr orðum þeirra atvinnurekenda sem fram hafa komið í fjölmiðlum. Forkastanlegt er að veitast með þessum hætti að fólk í sérlega erfiðri og viðkvæmri stöðu.

Miðstjórn ASÍ vekur athygli á skýrum merkjum þess að einstaka atvinnurekendur hyggist hefja rekstur á ný með því að þrýsta niður launum starfsfólks. Miðstjórnin krefst þess að ferðabjónusta verði ekki endurreist á grundvelli lakari kjara og starfsumhverfis en áður.

Miðstjórn ASÍ minnir á að þeir atvinnurekendur sem nú veitast að atvinnuleitendum hafa um margra mánaða skeið notið margvíslegra opinberra styrkja. Þeir hinir sömu geta nú að auki

ráðið starfsfólk með beinum stuðningi. Með öðrum orðum er það almenningur á Íslandi sem haldið hefur fyrirtækjum atvinnurekenda á lífi.

Miðstjórn ASÍ hvetur atvinnurekendur og fjölmiðla til að láta af neikvæðri og beinlínis fordómafullri umfjöllun um atvinnuleitendur. Góðar og gildar ástæður geta verið fyrir því að atvinnuleitandi geti ekki þegið tiltekið starf. Með því að einblína á undantekningar sem kunna að eiga við færri en 2% atvinnuleitenda er dregin upp röng og meiðandi mynd af þeim þúsundum manna sem leita vinnu á Íslandi og hafa loks fengið von um að brátt taki við betri tíð.